

OYSTER PERPETUAL
SUBMARINER DATE

ROLEX



MICHELSEN
ÚRSMÍÐIR

Laugavegur 15 - 101 Reykjavík
511 1900 - www.michelsen.is

MARKAÐURINN

Miðvikudagur 27. maí 2015 | 21. tölublað | 11. árgangur

Sími: 512 5000 | [visir](http://www.visir.is) www.visir.is

VIÐ KOMUM
VÍÐA VIÐ!



Guðjón Ó
VISTVÆNA PRENTSMÍÐJAN

TVEGGJA ÁRATUGA RÚSSÍBANAREIÐ

- Jón Georg byrjaði á bleikjuútflutningi fyrir tuttugu árum.
 - Nauðsynlegt að vinna að stefnumörkun í útflutningi.
 - Segir mikla ógn stafa af yfirvofandi verkföllum.
- SÍÐA 6-7**



Ekki nóg að mæla hagvöxt

Það er ekki nóg að skilgreina félagslegar framfarir með hliðsjón af hagvexti eða landsframleiðslu, segir Michael Green, ritstjóri Social Progress Index.



Hann er aðalfyrirlesari á ráðstefnu sem Gekon, Arion banki og Deloitte standa að um samfélagsinnviði þjóða í húsnæði Arion banka á morgun.

Green segir í samtali við Markaðurinn að landsframleiðsla sé gott verkfæri til þess að mæla efnahagslegar framfarir en að það sé ekki rétta leiðin til þess að mæla velferð okkar. → **SÍÐA 2**

Varar við óhóflegri hækkun

„Það er ekkert fengið með því að keyra hagkerfið upp í skamman tíma ef það merkir það eitt að það slær í bakseglin kröftuglega þegar menn átta sig á að þeir hafa farið umfram það sem innistæða er fyrir,“ sagði Ingólfur Bender, forstöðumaður Greiningardeildar Íslandsbanka, á kynningu á þjóðhagsspá Íslandsbanka fyrir árin 2015 til 2017 í gær. Ingólfur varaði við því að launahækkanir yrðu meiri en samantöld framleiðniaukning og verðbólgu-markmið Seðlabankans segðu til um. → **SÍÐA 4**

Úr verðbréfum í þorskin

Tómas Þór Eiríksson tekur við starfi framkvæmdastjóra Codland í byrjun júní. Hann hefur verið sérfræðingur í fyrirtækjaráðgjöf hjá Virðingu síðastliðið ár og hefur víðtæka reynslu og menntun á sviði stjórnunar. „Þetta var mjög hraður aðdragandi, mér leist mjög vel á fyrirtækjið og þá hugmyndafræði sem verið er að vinna eftir,“ segir Tómas Þór þegar hann er spurður út í aðdragandann að ráðningu hans. → **SÍÐA 8**



STJÓRNAR-
MAÐURINN

@stjornarmadur

Við getum ekki tekið þessum ferðamannafjölda sem sjálfsgöðum hlut og verðum að vanda til verka. → **SÍÐA 12**

Alþjóðleg þekking - persónuleg þjónusta

EY

Endurskoðun | Skattur | Ráðgjöf

Ernst & Young ehf. Borgartúni 30, 105 Reykjavík

Ernst & Young (EY) er í flokki fremstu fyrirtækja á sviði endurskoðunar og ráðgjafar á heimsvísu. EY starfar í yfir 150 löndum og er starfsfólk nú um 200.000 talsins. EY hefur markað sér þá stefnu að vera leiðandi á markaði og veita þjónustu í hæsta gæðaflokki sem sniðin er að þörfum viðskiptavina okkar, hvar sem við erum staðsett í heiminum.

ey.is

Höfum við efni á svona eftirliti og ákærvaldi?

Skjóðan

SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ lagði á dög- unum 650 milljóna sekt á Byko vegna meints verðsamráðs milli Byko og Húsasmiðjunnar. Einungis eru örfáar vikur frá því Héraðsdómur Reykjavíkur sýknaði ellefu af tólf sakborningum í sakamáli sem sérstakur saksóknari höfðaði gegn starfsmönnum Byko og Húsasmiðjunnar vegna þessa sama meinta samráðs. Einn starfsmaður var dæmdur í eins mánaðar skilorðsbundið fangelsi fyrir tilraun til samráðs.

NIÐURSTAÐA Héraðsdóms Reykjavíkur var aðráttarlaus. Ekki var um ólög- mætt samráð milli starfsmanna fyr- irtækjanna að ræða heldur var sam- keppnin einmitt mjög virk. Hvernig getur þá staðið á því að Samkeppniseftirlitið leggur 650 milljóna sekt vegna sakargifta sem Héraðsdómur er búinn

að dæma að eigi ekki við nein rök að stöðjast?

JÚ, ÁSTÆÐAN virðist vera sú að fyrri eigandi Húsasmiðjunnar gerði sam- komulag við Samkeppniseftirlitið á síð- asta ári, viðurkenndi samkeppnisbrot í málinu og greiddi stjórnvaldssekt. Fyrri eigandi Húsasmiðjunnar var eignarhaldsfélag í eigu Landsbankans og sáttin var gerð í tengslum við sölu á Húsasmiðjunni til erlendra kaupenda. Án sáttagjörðarinnar hefði salan ekki gengið í gegn og í því ljósi er nauðsyn- legt að skoða viðurkenninguna á sam- keppnisbrotum.

SÉRSTAKUR SAKSÓKNARI hefur áfrýjað sýknudómum Héraðsdóms til Hæsta- réttar og erfitt er að verjast þeirri hugs- un að sektarlágingin á Byko, sem hefur verið áfrýjað til áfrýjunarnefndar sam-

keppnismála, þjóni þeim tilgangi helst að hafa áhrif á málsmeðferð og niður- stöðu Hæstaréttar.

MIKIÐ ER Í HÚFI. Samkvæmt Kjarnan- um hefur 31 starfsmaður sérstaks sak- sóknara varið 11.854 stundum við rann- sókn málsins. Ótalinn er tíminn sem fór í málflytninginn sjálfan og engar upp- lýsingar hafa fengist hjá Samkeppnis- eftirlitinu um tímafjöldann þar.

RÍKIÐ var dæmt til að greiða 90 millj- ónir í málsvarnarlaun fyrir Héraðs- dómi og ekki er ósennilegt að heildar- kostnaður skattgreiðenda vegna málsins hafi numið hátt í 400 milljónum króna.

OG UM HVAD snerist þetta mál? Jú, það snerist um að starfsmenn Byko hringdu í starfsmenn Húsasmiðjunn-

ar til að spyrja um verð á tilteknum vörum og öfugt. Þetta er svipað og þegar starfsmenn tiltekinna verslana- keðja heimsækja verslanir annarra verslanakeðja til að kanna og skrá verð á völdum vörum, en slíkt er alsíða. Enda var það niðurstaða Héraðsdóms Reykjavíkur að þessi upplýsingaöflun bæri vott um virka samkeppni en ekki verðsamráð.

HÆGT ER að mæla kostnaðinn sem lend- ir á skattborgurum þegar eftirlitsstofn- anir og ákærvald fara offari gegn fyr- irtækjum í samkeppnisrekstri. Erfðara er að meta það tjón sem neytendur og fyrirtæki verða fyrir vegna slíks. Verði 650 milljóna sekt Byko staðfest fer hún út í verðlag – annað er ómögulegt.

SKJÓÐAN er frekju- og leiðindaskjóða, sem lætur ekkert mannlegt sér óviðkomandi.



Gengi félaga í Kauphöll Íslands

5
Á UPPLÉIÐ
 Félög sem hækkðu í verði

9
Á NIÐURLEIÐ
 Félög sem lækkuðu í verði

2
STÓÐU Í STAÐ
 Félög sem stóðu í stað

MESTA HÆKKUN
NÝHERJI
 62,0% frá áramótum

ÖSSUR HF
 14,6% í síðustu viku

MESTA LÆKKUN
TRYGGINGAMIÐST.
 -26,2% frá áramótum

EIMSKIP
 4,4% í síðustu viku

Aðallisti Kauphallarinnar | Nasdaq Iceland

Félag	Gengi í gær	Frá áramótum	Vikubreyting
Bank Nordic (DKK)	119,00	14,4%	0,0%
Eik fasteignafélag*	6,22	-8,5%	-2,5%
Eimskipafélag Íslands	217,00	-8,4%	-4,4%
Fjarskipti (Vodafone)	38,80	10,9%	-0,8%
Hagar	39,75	-1,7%	-1,4%
HB Grandi	39,50	16,9%	0,5%
Icelandair Group	23,00	7,5%	-0,2%
Marel	179,00	29,7%	-0,3%
N1	34,45	48,5%	-0,7%
Nýherji	8,39	62,0%	0,0%
Reginn	14,20	4,8%	0,7%
Reitir*	62,60	-2,0%	-0,2%
Sjóvá	10,10	-15,5%	0,5%
Tryggingamiðstöðin	19,40	-26,2%	-3,5%
Vátryggingafélag Íslands	7,74	-14,5%	0,1%
Össur	495,00	37,1%	14,6%
Úrvalsvisitalan OMX18	1.423,77	7,8%	5,4%

First North Iceland

Century Aluminum	3.300,00	0,0%	0,0%
Hampiðjan	25,00	12,4%	3,8%
Sláturfélag Suðurlands	1,85	0,0%	0,0%

*Skráð á árinu (þróun frá útböðingum).

Landsframleiðsla ekki besta mæling á velferð

Ritstjóri Social Progress Index telur að landsframleiðsla sé ekki fullkomin mæling á framþróun samfélagsins. Taka þurfi tillit til spurninga á borð við öryggi, réttlætis og fleiri mikilvægra þátta.

Það er ekki nóg að skilgreina félagslegar framfarir með hlið- sjón af hagvexti eða landsfram- leiðslu, segir Michael Green, rit- stjóri Social Progress Index. Hann er aðalfyrirlesari á ráðstefnu sem Gekon, Arion banki og Deloitte standa að um samfélagsinnviði þjóða á morgun.

Social Progress Index er mæli- kvarði á það hversu vel samfélög hlúa að samfélagslegum innvið- um og gæti heitið útlagst sem vísir samfélagslegra innviða á okkar ylhýru íslensku. Green segir í sam- tali við Markaðinn að landsfram- leiðsla sé gott verkfæri til þess að mæla efnahagslegar framfarir en að það sé ekki rétta leiðin til þess að mæla velferð okkar.

„Sagan er ekki öll sögð með því að nota landsframleiðslu sem mæli- kvarða, en það er mikilvægur hluti af sögunni,“ segir Green í samtali við Markaðinn. Hann segir að vísir samfélagslegra innviða komi ekki í staðinn fyrir landsframleiðslu held- ur sé hann til viðbótar.

Í fyrirlestri sem Green hélt á Ted TV benti hann á að ef við not- uðum landsframleiðslu eingöngu til að mæla framþróun þá mætti segja að smíði sprengja og fang- elska stuðlaði að framþróun. Hann



MANNLÍF Ritstjóri Social Progress Index segir landsframleiðslu mjög takmarkaða mælingu á velferð í samfélaginu. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL



„Sagan er ekki öll sögð með því að nota landsfram- leiðslu sem mælikvarða, en það er mikilvægur hluti af sögunni.“

Michael Green, ritstjóri Social Progress Index.

benti líka á að landsframleiðsla tekur ekki mið af hamingju eða samfélagslegum málum. „Og hún hefur ekkert að segja um sann- girni eða réttlæti,“ sagði Green.

Hann telur því að það þurfi betri mælitæki til að mæla framþróun í

samfélaginu okkar. „Þar sem feng- ist er við spurningar á borð við öryggi, þar sem réttlæti ríkir, þar sem hugað er að umhverfismálum. Þetta eru spurningar sem lands- framleiðsla á ekki svarið við,“ segir hann. jonhakon@frettabladid.is

Dagatal viðskiptalífsins



MIÐVIKUDAGUR 27. MAÍ
 Hagstofan – Vinnumarkaður í apríl 2015

FIMMTUDAGUR 28. MAÍ
 VíB og Viðskiptaráð – Sam- keppnishæfni Íslands 2015

FÖSTUDAGUR 29. MAÍ
 Hagstofan – Vöruskipti við útlönd janúar til apríl 2015

MÁNUDAGUR 1. JÚNÍ
 Hagstofan – Þjónustuviðskipti við útlönd 1. ársfjórðung 2015

MIÐVIKUDAGUR 3. JÚNÍ
 Fasteignaskrá – Fasteignamark- aðurinn í mánuðum eftir lands- hlutum

Allar markaðsupplýsingar eru aðgengilegar á vísir

Byggingadagur Ísmar 27. maí

Byggingadagur Ísmar verður haldinn 27. maí í verslun okkar að Síðumúla 28, 108 Reykjavík.

- Sérfræðingur frá Trimble verður á staðnum og kynni nýja aðferð við útsetningar á byggingum í 2D og 3D (BIM).
- Jafnframt verða kynntar nýjungar í laser mælitækjum.
- Allt það nýjasta í loftræsi búnaði og fjarskiptum.

Boðið verður upp á veitingar í hádegi og frameftir degi. Allir velkomnir

Síðumúla 28 - 108 Reykjavík - Sími 510 5100 - www.ismar.is

Við mælum með því besta

Helmingur gjaldþrota félaga hefur verið sex ára eða yngri:

Yngri fremur í þrot

Helmingur þeirra félaga sem lýst hafa verið gjaldþrota hér á landi frá árinu 1998 hafa verið sex ára eða yngri. Um þriðjungur félaganna var á aldrinum 7 til 12 ára. Um 16 prósent félaga voru 13 ára eða eldri samkvæmt greiningu Hagstofu Íslands.

Hlutfall gjaldþrota yngri félaga hefur lækkað frá hrúni. Á síðasta ári voru gjaldþrot félaga yngri en sex ára um þriðjungur heildargjaldþrota. Hins vegar nam hlutfall félaga þrettán ára og eldri ríflega 20 prósentum.

Á síðustu 12 mánuðum hefur gjaldþrotum fækkað um 20 prósent en alls voru 769 félög tekin til gjaldþrotaskipta frá maí 2014 til apríl 2015.

Nýskráningum hefur fjölgað um 8 prósent á sama tímabili en



HAGSTOFA ÍSLANDS Hagstofan er til húsa í Borgartúni 21a. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

alls voru 2.107 ný félög skráð. Mest er fjölgun nýskráninga í flokknum Sérfræðileg, vísinda- leg og tæknileg starfsemi eða 44 prósent á síðustu 12 mánuðum.

- ih

Flotaleiga Hagkvæmari kostur



Lágmarkaðu kostnað við rekstur bílaflota fyrirtækisins



Tryggingar



Eldsneyti



Viðhald og viðgerðir



Fjármögnun



Dekkja-
þjónusta



Lánsbill



þjónusta

Bílafloti er stór kostnaðarliður í rekstri margra íslenskra fyrirtækja. **Flotaleiga Lykils** er nýr kostur á markaðnum sem gerir fyrirtækjum kleift að leigja bílaflota í stað þess að kaupa. Þannig má auka hagkvæmni, halda ófyrirséðum kostnaði í algjöru lágmarki og gera allar fjárhagsáætlanir fyrirtækisins áreiðanlegri.

Kynntu þér kosti Flotaleigunnar og fáðu allar nánari upplýsingar í síma **540 1700**

Flotaleiga

1

Við finnum saman bíla sem henta þínum rekstri.

2

Lykill sér um kaup og rekstur bílanna.

3

Þú leigir bílana og nýtur stærðar-hagkvæmni Lykils.

Óráðstafað eigið fé Hreyfils nemur tæplega hálfum milljarði króna. Framkvæmdastjóri Hreyfils segir reksturinn hafa gengið vel að undanfögnu og hagræðingar hafa skilað sér:

Hagnaður Hreyfils eykst í 77,5 milljónir króna

Hagnaður af rekstri Hreyfils svf. jókst um 28 milljónir á síðasta ári og nam 77,5 milljónum króna.

„Reksturinn hefur gengið vel,“ segir Sæmundur Sigurlaugsson, framkvæmdastjóri Hreyfils. Sæmundur segir að aukning á hagnaði skýrist helst af aukinni hagræðingu í rekstri Hreyfils og leggur áherslu á að gjaldskrár Hreyfils hafi staðið óbreyttar í yfir tvö ár.

Rekstrarkostnaður Hreyfils-samstæðunnar var nær óbreyttur og nam 314 milljónum króna. Hins vegar jukust rekstrartekjur úr 400 milljónum í 425 milljónir króna.

Óráðstafað eigið fé Hreyfils nemur 474 milljónum króna og

jókst sem nam hagnaði félagsins á síðasta ári. Eignir Hreyfils nema 784 milljónum króna og er eiginfjárlutfall því 60 prósent. Þá nam arðsemi eiginfjár 18,9 prósentum.

Sæmundur segir rekstur Hreyfils góðan, félagið skuldi ekki neinni bankastofnun og hafi ekki gert í mörg ár. Þá hafi félagið verið á lista fyrirmyndar-fyrirtækja Creditinfo frá árinu 2010.

Handbært fé frá rekstri nam 99,9 milljónum króna en handbært fé Hreyfils nam 315 milljónum króna um síðustu áramót.

Hreyfill er samvinnufélag í eigu hluta leigubílstjóra sem keyra undir merkjum Hreyfils.

“Reksturinn hefur gengið vel og það hefur verið markvisst aðhald.”

Hreyfill á 82 prósent hlutfjár í Tölvubílum ehf. sem sér um rekstur tölvukerfa leigubíla Hreyfils. Um 30 milljónir króna af hagnaði Hreyfils eru tilkomnar vegna hagnaðar Tölvubíla. Þá á Hreyfill einnig meirihluta hlutfjár í Múlaradío ehf. sem sér um viðhald á tölvukerfum leigubíllanna.

- ih



HREYFILL Handbært fé Hreyfils nemur 315 milljónum króna.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Óttast launahækkunar án innistæðu

Forstöðumaður Greiningardeildar Íslandsbanka varar við launahækkunum umfram það sem hagkerfið þolir. Slíkt muni koma fram í verðbólgu og bitna á samkeppnishæfni Íslands. Þá séu nú kjöraðstæður til afnáms hafta.

„Það er ekkert fengið með því að keyra hagkerfið upp í skamman tíma ef það merkir það eitt að það slær í bakseglin kröftuglega þegar menn átta sig á að þeir hafa farið umfram það sem innistæða er fyrir,“ sagði Ingólfur Bender, forstöðumaður Greiningardeildar Íslandsbanka, á kynningu á þjóðhagsspá Íslandsbanka fyrir árin 2015 til 2017 í gær.

Ingólfur varaði við því að launahækkunar yrðu meiri en samanlögð framleiðniaukning og verðbólgu-markmið Seðlabankans segðu til um. Á spátímabilinu er gert ráð fyrir 6,4 til 8,1 prósentu árlegum launahækkunum. Því muni verðbólga fara upp fyrir verðbólgu-markmið Seðlabankans á næsta ári og vera tæplega fjögur prósent. Seðlabankinn muni bregðast við með hækkun stýrivaxta um 2,5 prósentustig fram til ársins 2017.

Ingólfur benti einnig á að raungengi krónunnar, mælt sem verðlag hér á landi miðað við helstu viðskiptalönd, hafi hækkað að undanfögnu. Þetta væri vegna styrkingar á gengi krónunnar auk hækkana á innlendum kostnaði. Þessi hækkun raungengisins kæmi niður á samkeppnishæfni íslenskra fyrirtækja og hefði m.a. í för með sér að hægja myndi á fjölgun ferðamanna hér á landi. Samkvæmt spánni mun raungengi krónunnar hækka um fimm prósent fram til ársins 2017.

Þó taldi Ingólfur að efnahagsumhverfi yrði að mörgu leyti hagstætt

“Skilyrði til losunar hafta eru ótrúlega góð miðað við það sem maður þorði að vona.”

næstu árin. Hagvöxtur verði 4 prósent á þessu ári, 3,7 prósent 2016 en lækki svo í 2,4 prósent árið 2017 gangi spáin eftir.

Ingólfur benti á að eignastaða heimilanna hefði batnað með hækkun fasteignaverðs og góðri ávöxtun lífeyrissjóðanna. Þó væru stórir hópar sem ekki nyttu góðs af þessari stöðu og nefndi þar leigjendur og ungt fólk sem væri ekki enn byrjað að greiða í lífeyrissjóði. Ingólfur sagði einnig styrkleikamerki að vöxtur einkaneyslu, sem aukast á um 12 prósent á spátímabilinu, yrði helst byggður á kaupmáttaraukningu en ekki lántökum líkt og gerst hefði í fyrri uppsveiflum.

Jón Bjarki Bentsson, hagfræðingur hjá Greiningardeild Íslandsbanka, taldi nú vera kjöraðstæður til að afnema höft. Hagvöxtur og viðskiptaafgangur væru fram undan. Þá væri hagstæður vaxtamunur við útlönd. Þessi skilyrði myndu ekki vara að eilífu og því væri núna rétti tíminn til að hefja afnám hafta.

ingvar@frettabladid.is



INGÓLFUR BENDER Forstöðumaður Greiningardeildar Íslandsbanka telur að hægja muni á fjölgun ferðamanna á næstu árum vegna herra raungengis krónunnar.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Á LEIÐ TIL ÚTLANDA



ACUVUE linsur í hæsta gæðaflokki

Optical Studio

FRÍHÖFN LEIFSSTÖÐ • 425 0500


Öflugur sjóður fyrir reglulegan sparnað

Stefnir - Samval er blandaður fjárfestingarsjóður sem nýtir þau tækifæri sem rekstraraðili telur best á hverjum tíma. Hann hentar vel fyrir reglulegan sparnað og er laus með skömmum fyrirvara.

Sjóðurinn fjárfestir m.a. í ríkisskuldabréfum, innlendum og erlendum hlutabréfasjóðum og í félögum sem fyrirhugað er að skrá á hlutabréfamarkað.

Stefnir - Samval er fjárfestingarsjóður skv. lögum nr. 128/2011. Fjárfesting í fjárfestingarsjóðum telst almennt vera áhættusamari fjárfesting en í verðbréfasjóðum. Meiri áhætta er fólgin í rýmri fjárfestingarheimildum sem geta m.a. leitt til minni áhættudreifingar en í verðbréfasjóði. Nánari upplýsingar um sjóðinn þar á meðal nánari upplýsingar um áhættu við fjárfestingu í hlutdeildarskírteinum hans, má finna í útboðslýsingu hans sem nálgast má á arionbanki.is/sjodir. Sjóðurinn er í rekstri Stefnis hf. sem er sjálfstætt starfandi fjármálafyrirtæki í eigu Arion banka hf. Arion banki er söluaðili sjóða Stefnis hf.

Árleg nafnávöxtun



Ávöxtunartölur eru fengnar hjá Arion banka sem er vörsluaðili sjóðsins. Ávöxtunartölur miðast við 30.04.2015.

Ávöxtun í fortíð gefur ekki áreiðanlega vísbandingu um ávöxtun í framtíð.

Fyrir hverja?

- Þá sem vilja spara til þriggja ára eða lengur og þola umtalsverðar sveiflur í ávöxtun
- Þá sem vilja dreifingu eigna á helstu verðbréfaflokka
- Þá sem þurfa að nálgast sparnaðinn með skömmum fyrirvara – einungis tveggja daga binditími
- Hentar bæði einstaklingum og fyrirtækjum

Þú getur skráð þig í reglulegan sparnað í **Stefni - Samvali** fyrir aðeins 5.000 kr. á mánuði. Skráning og allar upplýsingar á arionbanki.is/sjodir eða í síma 444 7000.

Lykilatriðið er að keppa á gæðum

Ice-co flytur fisk, skyr, sjávarsalt og lambakjöt á erlenda markaði. Stjórnarformaðurinn segir sóknarfæri í útflutningi en mikil ógn stafi af yfirvofandi verkföllum því kunninn þurfi að fá afhentar vörur daglega.

VIÐTAL

Jón Hákon Halldórsson
jonhakon@frettabladid.is



Tölvunarfræðingurinn Jón Georg Aðalsteins-son er stjórnarformaður í fyrirtækinu Ice-co sem í tvo áratugi hefur flutt út íslensk matvæli til Evrópu, bæði Sviss og Þýskalands.

Árið 1990 stofnaði hann, ásamt Pétri Péturssyni, hugbúnaðarfyrirtækið Menn og mýs og starfar hann þar enn í dag við markaðssetningu á hugbúnaði til erlendra stórfyrirtækja.

Byrjaði á að selja bleikju

Það var árið 1993 að hann flutti ásamt konu sinni Hilmu Sveinsdóttur til Sviss. Þá spurði faðir Péturs, sem var bleikjuframleiðandi, hvort þau hjónin gætu ekki selt bleikjuna fyrir sig erlendis. Hilma og Jón féllust á að reyna og þannig fór boltinn að rúlla og úr varð fyrirtækið Ice-co. „Þetta er búin að vera talsverð þrautaganga. Við höfðum enga hugmynd um hvað við vorum að fara út í,“ segir Jón Georg og bætir við að daglegur rekstur sé í höndum Hilmu og svissnesks með-eiganda, Marlise Umiker.

„Við erum að vinna í útflutningi á íslenskum matvælum, þó fyrst og fremst fiskafurðum. En einnig skyr og svo erum við að byrja með aðrar vörur eins og sjávarsalt og lambakjöt,“ segir Jón Georg. „Þetta hefur þróast hægt og verið hálfgerð rússibanaeið,“ segir Jón og líkir íslenskum útflutningi við það að byggja upp vandað og fallett hús á löngum tíma sem svo, vegna aðstæðna sem væri hægt að koma í veg fyrir, brennur til grunna á nokkurra ára fresti. Þá þurfi að byrja upp á nýtt. Þetta hafa því ætíð verið þrjú skref fram á við en svo, því miður, tvö skref til baka.

Afhverju gerist það?

„Fyrst og fremst tókum við Íslendingar kröfur kaupenda okkar ekki nógu alvarlega, til dæmis varðandi vottunarmál. Þar vorum við sein að taka við okkur og vorum ekki tilbúin að taka upp þá vottum sem krafist er úti, fyrr en markaðir voru þegar tapaðir. Þá fyrst fóru menn hér heima að taka þetta alvarlega. Einnig gerist þetta út af gæðavandamálum, menn hætta að kaupa ef gæðin detta niður. Síðast en ekki síst tapast viðskipti ef ekki er afhent nákvæmlega samkvæmt pöntunum. Þetta eru allt mannlegir þættir sem koma má í veg fyrir með framsýni og góðu skipulagi. Það er nógu erfitt að eiga við storma og náttúruhamfarir án þess að þurfa glíma við þessa mannlegu þætti,“ segir Jón Georg.

Mikil ógn af verkföllum

Hann segir mikla ógn stafa af yfirvofandi verkföllum. Þau stefni verðmætu uppbyggingarstarfi í hættu og komi afar illa byggðarlögum eins og Patreksfirði, sem eiga mikið undir þessum viðskiptum. Jón Georg segir að komi til verkfalla muni markaðir tapast fljótt. „Já, þeir munu tapast nánast samdægurs. Þú ert að tala um ferska vöru þar sem hver dagur skiptir sköpum,“ segir Jón Georg. „Það gengur ekki upp fyrir stórmarkaði erlendis að fá ekki daglega íslenskan þorsk. Þeir neyðast þá til að kaupa hann af Norðmönnum. Gerist það, er ekki auðvelt að vinna viðskiptin til baka,“ segir Jón Georg og bætir við að í ofaná-



MÖRG JÁRN Í ELDINUM Jón Georg Aðalsteins-son segir að Ice-co sé með fimm til tíu verkefni í skoðun sem öll geti skilað árangri, en fyrirtækið hafi ekki fjármagn til þess að sinna þeim eins og þyrfti. En ef þrjú af tíu verkefni falla í hendi þá sé það góður árangur. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

lag bjóði Norðmenn yfirleitt betra verð á vörnunni.

„Það getur tekið meira en þrjú ár að vinna til baka markaði sem tapast á þennan hátt. Í stað þess setja á oddinn að búa til nýja markaði þá fer orkan í að vinna aftur gamla kunnann í algerri óvissu um hvort það takist eður ei. Það er svo miklu ódýrara að halda unnu landi en að vinna nýtt,“ segir hann.

Jón Georg segir að viðskiptavinir erlendis vilji fyrir alla muni halda tryggð við íslenska útflytjendur. Þeir þurfi hins vegar fisk á hverjum degi og því sé afhendingaröryggi lykilatriði. Ef íslensk fyrirtæki geta ekki útvegað fiskinn þá fari kunninn einfaldlega annað segir Jón og bætir því við að hið sama eigið við um skyrið.

„Það tekur fimm ár að festa sig í sessi með skyrið. Í dag erum við komin hálf tveimur árin inn í það ferli. Ef við getum ekki afhent núna, til dæmis vegna verkfalla, þá fáum við ekki annað tækifæri. Þá er ekki bara 18 mánaða vinna og kostnaður farin í vaskinn heldur einnig framtíðarsala næstu árin,“ segir Jón Georg. Hann segir stöðugleika gæða og afhendingaröryggi stærstu umhugsunarefni fyrir íslenskan útflutning á matvælum. „Íslenskar matvörur eru einstakar og oft af bestu gæðum. En það er ekki nóg. Ein klúðursending getur leitt til þess að góð viðskipti tapist.

Gæði og afhendingaröryggi verður að vera 100 prósent, án undantekninga,“ segir hann.

Myndirðu segja að langvarandi óstöðugleiki væri eitthvað sem ein-kenndi okkur?

„Við Íslendingar búum við óstöðuga náttúru; jarðskjálfta, eldgos, óveður og storma, og það hefur eðlilega mótað okkur,“ segir Jón Georg. „Við erum átaksþjóð. Við brettum upp ermar í vertíðarstemningu. Erum reddarar,“ segir hann. Aðrar þjóðir eins og Svisslendingar beiti langtíma skipulagi og stöðluðum ferlum til að tryggja stöðugleika og fyrirsjáanleika. Þetta sé eitthvað sem Íslendingar mættu temja sér í meira mæli. Á meðan Íslendingar hugsi í vikum og mánuðum þá hugsa Svisslendingar árum og áratugum fram í tímann. „Með nútímataekni erum við ekki eins berskjölduð fyrir dyntum náttúrunnar og getum því gert áætlanir lengra fram í tímann. „Þetta reddast“ hugsunarháttur Íslendinga er því stundum jafnvel til trafala. Í mörgum tilfellum er hægt að skipuleggja sig fram hjá vandamálum, sem er alltaf betra en að reyna að redda hlutum eftir á,“ segir hann.

Segðu mér meira frá Ice-co, hvert eruð þið að flytja vörur?

„Við flytjum mest til Sviss og Þýskalands en einnig til Frakklands og Benelux-landanna. Við

erum svo að skoða aðra markaði til dæmis Bandaríkin,“ segir Jón Georg. Megináhersla fyrirtækisins er á að búa til nýja markaði, vinna ný lönd fyrir íslenska vöru. Slík vinna krefjist mikils grasrótastarfs. „Við erum að kanna flutning á ferskum íslenskum fiski til fjarlæggra borga í Mið-Austurlöndum og Asíu. Kæling á fiski er að batna, til dæmis með svokallaðri ofurkælingu. Það þýðir lengri líftíma vörunnar sem þýðir möguleika á að flytja ferskan fisk allt að þúsund kílómetrum lengra inn í land en áður. Þetta skapar tækifæri en þýðir miklar fjárfestingar í tíma og peningum,“ segir hann. Þetta krefjist langtímahugsunar, góðs kynningarefnis, vals á samstarfsaðilum, vals á dreifingaraðilum, tilraunasendinga og fleira. „Það sem ég er að segja er að það eru spennandi tækifæri þarna úti. Það vantar hins vegar samstöðu og fjármagn til þess að sinna svona vinnu,“ segir hann.

Með marga bolta á lofti

Jón Georg segir að Ice-co sé með fimm til tíu verkefni í skoðun sem öll geti skilað árangri, en fyrirtækið hafi ekki fjármagn til að sinna þeim eins og þyrfti. „Þú ert kannski með tíu bolta á lofti og ef þrjú falla í hendi þá ertu að ná mjög góðum árangri. En það er kostnaðarsamt fyrir lítið fyrirtæki eins

og Ice-co að halda þessum boltum á lofti. Því er lykilatriði að fyrirtæki sameini krafta sína þegar kemur að sölu og markaðsmálum,“ segir hann. Aðspurður hvaða boltar séu á lofti segir Jón Georg að Ice-co sé þátttakandi í verkefni í dreifingu á ferskum fiski í Þýskalandi. „Ég hef það stundum á tilfinningunni að markaðsstarf fyrir íslenskan fisk endi á Keflavíkurlugvelli, fiskurinn er seldur út á flugvöll og svo veit maður ekkert meir. Þetta verkefni felst í því að setja upp dreifingarstöð fyrir ferskan fisk þar sem honum er pakkað í neytendapakningar og dreift milli-liðalaust inn á stórmarkaðakeðjur og einnig beint til neytenda,“ segir Jón Georg. Með þessu sé hægt að tvöfalda verðmæti fiskisins og þannig geti íslenskur fiskframleiðandi verið í beinu sambandi við neytendur. Hann segir að íslenskum fiskframleiðendum sé boðið að koma að verkefninu, sem geri þeim kleift að færa sig framir í virðiskeðjunni.

Í hverju felst samkeppnisforskot Íslendinga þegar kemur að matvælum?

„Í ferskum fiski felst það í því að geta afhent ferskan fisk á hverjum degi allt árið um kring. Almennt séð getum við boðið betri gæði og betri afhendingu árið um kring en Norðmenn. En okkar Akkileisarhæll er meiri tilkostnaður í flutningi. Norðmenn geta bara sett fiskinn



SÉR UM DAGLEGAN REKSTUR Jón Georg er stjórnarformaður Ice-co en daglegur rekstur er í höndum eiginkonu hans, Hilmu Sveinsdóttur. Þau fluttu til Sviss árið 1993.

á bíl og keyrt á markað í Evrópu en við erum háð flugi.“ Jón Georg segir samgöngurnar frá Íslandi til Ameríku líka vera takmarkandi á þann hátt að það sé ekki nóg flug.

Unnið verði að stefnumörkun

Jón Georg segir bráðnaðsynlegt að Íslendingar vinni að stefnumörk-

un varðandi útflutning matvæla. Útflutningstekjur af matvælum voru 46 prósent af vöruútflutningi í fyrra. „En það er ekki til samræmd stefnumörkun fyrir útflutning á matvælum. Það er til fyrir ferðamennsku, það er til fyrir nýtingu hafsins en það er ekki til fyrir það hvernig við markaðs-

setjum matvæli,“ segir Jón Georg. Hann bendir á að Norðmenn hafi gert stefnumörkun fyrir laxeldi fyrir áratugum síðan og það hefur verið stór þáttur í því hversu fráþæringu árangri þeir hafi náð. „Mér finnst mjög mikilvægt að við klár- um stefnumótun fyrir matarlandið Ísland sem Íslandsstofa og fleiri

eru að vinna að. Lykilatriði í þeirri stefnumörkun er að við keppum á gæðum. Við getum ekki keppt á verði. Til þess eru innviðir ekki til staðar og fyrirtæki of lítil,“ segir hann. Það myndi hjálpa ef allir væru sammála um þetta atriði. Hann tekur þó skýrt fram að það að keppa á gæðum sé meira en að

segja það. Það þurfi að vinna að því hörðum höndum.

„Spurningin er bara hvað við höfum til að keppa á gæðum, hver er okkar sérstaða? Við höfum eitt sem enginn annar getur tekið frá okkur. Það er orðið „Iceland“,“ segir Jón Georg. Hann segir „vörumerkið“ Ísland hafa gríðarlega mikla þýðingu og vekja jákvæð hughrif alls staðar þar sem það er þekkt. „Ég veit ekki hversu mikla þýðingu það hefur í Kína eða Japan þar sem menn gera tæplega greinarmun á Íslandi og Noregi. En í öllum vest-rænum heimi, okkar stærstu markaðssvæðum,“ segir Jón Georg. Hann segir vörumerkið Ísland nýttast vel til þess að komast í samstarf erlendis og kynna vöruna. En síðan verði að leggja rækt við þau tengsl sem myndast og aldrei gefa afslátt af gæðum.

Hvernig gengur að markaðssetja skyr?

„Það er búið að vera að markaðssetja skyr á Norðurlöndunum og það hefur gengið mjög vel,“ segir Jón Georg. Hann segir að Sviss sé fyrsta landið utan Norðurlandanna sem selji það. „Það er selt í 250 verslunum, í tveimur stórmarkaða-keðjum. Sú mikla vinna og kostnaður sem farið hefur í markaðssetninguna hefur skilað sér í því að salan hefur verið vel umfram áætlun. En við erum rétt að stíga fyrstu skrefin. Áttatíu prósent af nýjum vörum sem koma inn í þessa stórmarkaði detta út aftur þegar nýjabrumið fer af. Þannig að við spyrjum að leikslokum eftir fimm ár. Þess vegna þurfum við að halda vel á spöðunum,“ segir Jón Georg en ítrekar að hlutir eins og yfirvofandi verkfall geti gert þessar sem og aðrar áætlanir um útflutning á íslenskum matvælum að engu.

RÁÐSTEFNA

Fimmtudaginn 28. maí
kl. 15-18 í Arion banka
Borgartúni 19.

Það er ekki allt mælt í peningum!

Ísland er í **4. sæti** í samkeppnishæfni - náum við að halda því?

2015 Social Progress Index* - Niðurstöður fyrir Ísland

Social Progress Index. Background and structure. Findings for Iceland. Recommendations.

Michael Green, ritstjóri og forstöðumaður Social Progress Imperative á heimsvísu

Hvað er SPI að segja okkur?

Ólafur Darri Andrason, hagfræðingur Alpýðusambands Íslands

Saman látum við góða hluti gerast

Rakel Óttarsdóttir, framkvæmdastjóri þróunar- og markaðssviðs Arion banka

Kaffihlé

Ávarp

Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands

Bein erlend fjárfesting. Skiptir SPI máli?

Sigurður Páll Hauksson, forstjóri Deloitte

Samfélagsábyrgð hjá Össuri

Sigurborg Arnarsdóttir, fjárfestatengill hjá Össuri hf.

Pallborðsumræður

Lokaorð


Hákon Gunnarsson, framkvæmdastjóri Gekon - samstarfsaðili SPI á Íslandi

Fundarstjóri

Ketill Berg Magnússon, framkvæmdastjóri Festu

Aðgangur ókeypis - Skráning á gekon@gekon.is

*Social Progress Index er vísitala sem mælir samanburð á samfélagslegum innviðum í 133 löndum þar sem 94% mannkyns býr.





FJÖLSKYLDUMAÐUR Tómas Þór og eiginkona hans eiga fjögur börn.

„Ég byrjaði ellefu ára að rífa upp úr fiskikörum. Ég hef prófað flestar stöður í sjávarútvegi nema að fara á skrifstofuna.“

Finnst skemmtilegast í utanvegahlaupum

Nýr framkvæmdastjóri Codlands er alinn upp í Grindavík og þekkir vel til í sjávarútvegi. Hann á stóra fjölskyldu en jafnframt mörg áhugamál. Hann stefnir á að taka þátt í WOW Cyclothon í sumar.

Tómas Þór Eiríksson tekur við starfi framkvæmdastjóra Codland í byrjun júní. Hann hefur verið sérfræðingur í fyrirtækjaráðgjöf hjá Virðingu síðastliðið ár og hefur viðtæka reynslu og menntun á sviði stjórnunar.

„Þetta var mjög hraður aðdragandi, mér leist mjög vel á fyrirtækið og þá hugmyndafræði sem verið er að vinna eftir,“ segir Tómas Þór þegar hann er spurður út í aðdragandann að ráðningu hans. Erla Pétursdóttir, fráfarandi framkvæmdastjóri Codlands, mun taka við starfi gæða- og þróunarstjóra Vísis.

Tómas Þór er alinn upp í Grindavík og þekkir vel til starfa í sjávarútvegi. „Ég byrjaði ellefu ára að rífa upp úr fiskikörum. Ég hef prófað flestar stöður í sjávarútvegi nema að fara á skrifstofuna,“ segir Tómas sem hefur unnið á netabát, ísfisksbát og frystitogara.

Tómas Þór segir að það sé stefna Codlands að auka nýtingu á þorski. Margir aðilar séu að vinna mjög spennandi starf. „Við viljum vinna að því áfram, bæði sjálf og með öðrum, að auka verðmætin. Við höfum komist lengst með það að vinna kollagen úr roðinu og slógverksmiðju á Reykjanesi,“ segir Tómas Þór.

Tómas Þór á stóra fjölskyldu sem hann segir að taki mestan tíma sinn utan vinnunnar. En hann á líka fjölmörg áhugamál. „Ég er mikið í því að hreyfa mig,“ segir hann og bætir því við að hann

KEPPNISMÁÐUR OG HELDUR MEÐ MANCHESTER



Tómas Þór er mjög ákveðinn og fylginn sér. Hann er mikill keppnismaður, finnst ekkert gaman að tapa. Ég held að það henti honum vel í starfi að hafa sterkar skoðanir á því sem hann hefur trú á og fylgja því fast á eftir. Hann er mikill hlaupari og hjólari. Þar kemur keppnisskapið. Maður fær aldrei að vera á undan honum. Hann dregur mann alltaf á eftir sér, alveg sama hvað maður reynir. Hann á það til að vera þínu þrjúskur og svo getur hann verið svolítið utan við sig.

Gunnlaugur Eiríksson, bróðir Tómasar Þórs



Tómas Þór er skemmtilegur og klár strákur sem gott er að vinna með. Góður íþróttamaður hvort sem er hlaup, hjól eða fótbolti. Mikill fjölskyldumaður en alltaf til í að skemmta sér með vinum. Hans mesti kostur er þó að hann er harður stuðningsmaður Manchester United og aðdáandi Cristiano Ronaldo. Það versta við hann er hvað það er erfitt að halda í við hann þegar við förum að hjóla saman. Svo þyrfti hann að hætta að styðja Grindavík í körfunni og fara að halda með Njarðvík!

Bjarki Logason, sérfræðingur hjá Virðingu

hlaupi mikið. „Núna hef ég aðeins verið að prófa mig áfram í hjólreiðunum og er að fara með vinum og kunningjum hringinn í kringum landið í WOW cyclothon,“ bætir hann við. Hann segir að það hafi verið rætt að fá nokkra Spánverja með í liðið. „Þeir komust því miður ekki þetta árið, en þeir eru búnir að lofa næsta,“ segir Tómas og bendir jafnframt á að Spánverjar séu miklir hjólamenn.

Tómas hljóp hálfmaraþon þegar hann bjó í Barcelona og var í námi þar. „Mér hefur fundist skemmti-

legast hér heima í utanvegahlaupum, til dæmis þegar ég hljóp Laugaveginna eða Jökulsárhlaupið,“ segir hann.

Eiginkona Tómasar heitir Sonja Björk Elíasdóttir og eiga þau fjögur börn á aldrinum 5 til 21 árs. „Við eigum stelpu sem er nýorðin fimm ára og strákur sem er að verða átta ára núna í júní. Síðan eigum við stelpu sem lést árið 2011 og hún var tólf ára þá. Og við eigum eina sem er að útskrifast úr Verzló og er 21 árs,“ segir hann.

jonhakon@frettabladid.is

PARADÍSAREYJAN
SRI LANKA
3. - 16. NÓVEMBER

Hrífandi náttúra, einstök menning og fjölbreytt dýralíf sem eiga varla sinn líkan, ævintýraleg upplifun í einstöku umhverfi. Við kynnumst framandi og heillandi heimi sem tekur á móti ferðalöngum með opnum örmum.

Verð kr. 549.300.-

Innifalið í verði: Hálf tæði, flug, hótél, skattar, íslenskur fararstjóri og allar ferðir.

Trans - Atlantic
588-8900
Transatlantic.is

Ferðaskrifstofa
Lýðveldið Ísland

Eitt mikilvægasta framlagið til hagfræði


Nóbelsverðlaunahafi í hagfræði segir að jafnvægiskenning Johns Nash sé jafn mikilvægt framlag til félagsvísinda og uppgötvunin á DNA var fyrir líftæknivísindi. Nash glímdi við alvarlegan geðklofa.

Einn kunnasti hugsuður samtímans, John Forbes Nash, lét lífið um helgina. Hann og eiginkona hans, Alicia, voru farþegar í leigubíl og mun leigubílstjórinn hafa misst stjórn á bifreiðinni og ekið á. Nash var lærður stærðfræðingur. Hann hlaut Nóbelsverðlaun í hagfræði árið 1994 fyrir jafnvægiskenningu sína og Abelverðlaunin í stærðfræði fyrir einungis örfáum dögum.

Nash lauk doktorsverkefni sínu við Princeton-háskóla þegar hann var einungis 21 árs. Grunninn að leikjafræði Nash byggði hann á kenningum Johns von Neumann. Leikjafræðin varð síðar einn af hornsteinum hagfræðinnar og raunar þekkt í sálfræði og fleiri félagsvísindagreinum.

Financial Times segir að eftir að Nash setti kenningu sína fram hafi hagfræðingar hætt að setja fram líkön þar sem gert er ráð fyrir að fullkomin samkeppni ríki á markaði og byrjað að teikna líkön þar sem sérhver aðili þarf að taka tillit til samkeppnisaðilanna.

Roger Myerson, sem sjálfur er Nóbelsverðlaunahafi í hagfræði, segir að jafnvægiskenning Nash hafi verið jafn mikilvæg fyrir félagsvísindin og uppgötvun James Watson og Francis Crick á DNA var fyrir líftæknivísindin. „Þetta var



VERÐLAUNAHAFI Stærðfræðingurinn John Nash tók við Abelverðlaunum í Ósló þann 19. maí síðastliðinn. Hann og eiginkona hans létust í bílslysi á laugardaginn. NORDICPHOTOS/AFP

eitt mikilvægasta framlag í sögu hagfræðinnar,“ hefur Financial Times eftir Myerson.

Nash var fæddur þann 13. júní 1928 í Bluefield í Vestur-Virginíu. Eftir að hann lauk doktorsgráðu sinni hóf hann störf hjá Massachusetts Institute of Technology (MIT). Þar hitti hann Alicíu frá El Salvador, með þeim tókust ástir og þau giftu sig. Þegar Nash greind-

ist svo með geðklofa árið 1959 varð Alicia hans helsta stoð í lífinu. Ofsóknaræði og ranghugmyndir sóttu sífellt meira á hann og lagðist hann ítrekað á spítala. Hann hætti að vinna og hegðun hans varð æ skringilegri.

Vegna veikinda urðu samskipti þeirra hjóna urðu erfiðari og þau skildu árið 1963 en tóku saman aftur.

jonhakon@frettabladid.is

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is



S A F T



Lektor við Viðskiptadeild Háskólans í Reykjavík ber saman skattkerfi á Norðurlöndum á vinnumarkaði og rannsakar áhrif ólíkra skattkerfa á atvinnu og vinnuframboð:

Axel Hall ver doktorsritgerð um skatta og atvinnu

Skattar og atvinna á Norðurlöndunum er yfirskrift doktorsritgerðar Axels Hall. Hann ver ritgerðina í Hátíðarsal Háskóla Íslands á þriðjudag í næstu viku.

Í tilkynningu um doktorsvörninna segir að skattar séu á hverjum tíma eitt af umdeildustu og viðkvæmstu viðfangsefnum á vettvangi stjórn mála. Fjármögnun hins opinbera og endurdreifing tekna sé stjórn málalegt viðfangsefni sem byggi á gildismati og skoðunum sem skorið er úr um í kosningum í lýðræðisríkjum. Norðurlöndin skipa sér í hóp þjóða sem er ólíkur flestum öðrum þegar litið er til

umfangs endurdreifingar tekna og skattlagningu.

Í rannsókn Axels er því haldið fram að á Norðurlöndum hafi tekist betur að feta einstigið á milli skilvirkni og jafnaðar með gildismati, sköttum og útgjöldum hins opinbera sem stuðlar að meiri vinnuafslátttöku en ella. Markmið ritgerðarinnar er að bera saman skattkerfi á Norðurlöndum á vinnumarkaði og í kjölfarið að rannsaka áhrif ólíkra skattkerfa á atvinnu og vinnuframboð. Það hvernig aðferðir við skattlagningu vinnuafslátt hafi áhrif á vinnumarkað sé eitt af því sem

hafi reynst hvati þessarar rannsóknar.

Axel Hall er lektor við Viðskiptadeild Háskólans í Reykjavík. Hann lauk B.Sc.-gráðu í hagfræði við Háskóla Íslands árið 1994. Hann lauk svo meistaragráðu í stærðfræðilegri hagfræði og hagrannsóknunum við London School of Economics árið 1995. Hann var sérfræðingur við Hagfræðistofnun Háskóla Íslands á árunum 1996-2006 og var stundakennari við Viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands á sama tíma. Árið 2006 hóf Axel störf við Háskólann í Reykjavík.



SKRIFADI UM SKATTA Axel Hall hagfræðingur ver doktorsritgerð sína í næstu viku.

- jhh

Ný útgáfa af leiðbeiningum:

Verkfæri fyrir stjórnendur

Viðskiptaráð Íslands, Samtök atvinnulífsins og Nasdaq Iceland hafa að nýju gefið út sameiginlega leiðbeiningar um stjórnarhætti



FROSTI ÓLAFSSON

fyrirtækja.

Fyrsta útgáfa leiðbeininganna kom út árið 2004 og hafa þær verið endurskoðaðar.

Leiðbeiningum um góða stjórnarhætti

er ætlað að nýtast sem verkfæri stjórna og stjórnenda til að mæta þeirri ábyrgð sem á þeim hvílir. Það er jafnframt mat útgáfuaðila að með því að fylgja góðum stjórnarháttum megi styrkja innviði fyrirtækja og efla almennt traust gagnvart viðskiptalífnum. Hvort tveggja skiptir sköpum fyrir samkeppnishæfni íslenskra fyrirtækja.

- jhh

Startup Iceland hefst í dag:

Ráðherra flytur erindi

Ráðstefnan Startup Iceland hefst í dag og fer fram í Hörpu. Bala Kamallakharan, stofnandi Startup Iceland, býður fólk velkomið klukkan hálfnú en Ragnheiður Elín Árnadóttir iðnaðar- og viðskiptaráðherra mun svo halda opnarerindi.

Á eftir Ragnheiði Elínu stígur Robert C. Barber í pontu. Aðal- fyrirlisari dagsins er aftur á móti Ingrid Vanderveldt. Vandervelt er meðal annars stofnandi hreyfingarinnar EBW2020, sem stendur fyrir Empowering a Billion Women by 2020.

- jhh

Pro Talent Ráðgjöf tekur til starfa:

Veitir ráðgjöf um mannauð

Hanna Guðlaugsdóttir, sérfræðingur í mannauðsmálum, hefur stofnað fyrirtækið Pro Talent Ráðgjöf. Fyrirtækið sérhæfir sig í innleiðingu á stefnu í mannauðsmálum, greiningu á helstu mannauðsferlum, mælingum á mannauðsvirkni, fræðslu og þarfagreiningu auk stuðnings við stjórnenda- og starfsmannaheildir.

Hanna segir að fyrirtæki sjái aukinn hag í því að útvista mannauðsmál sínum. „Ávinn- ingur af kostnaði við útvistun er ekki lengi að borga sig við aukinn tíma þeirra til tekjuöflunar,“ segir Hanna.

- jhh

Ný tækifæri í flugfrakt fyrir íslensk fyrirtæki


Yfir 100 áfangastaðir um allan heim

Bluebird Cargo hefur flogið reglubundið fraktflug til og frá Íslandi frá árinu 2001 og hefur starfað náið með aðilum eins og UPS, Cargolux, TNT og fleiri félögum. Nú hefur verið gerður umfangsmikill samstarfssamningur við **Emirates SkyCargo** sem er stærsta fraktflugfélag heims, með sérstaka áherslu á **Asíu, Eyjaálfu og Afríku**. Samstarfssamningur við Aer Lingus tengir svo **Ameríku og Evrópu** við reglubundið áætlunarflug Bluebird Cargo til Dublin.

Með þessu öfluga flutninganeti tengjumst við yfir **100 áfangstöðum** víða um heim. Við bjóðum fjölda möguleika á flutningum eingöngu með fraktflugvélum sem tryggir betri vörumeðferð. Okkar þjónusta er sveigjanleg, skilvirk og við bjóðum hagstætt verð. Hafðu samband og fáðu tilboð, hvort sem það er fyrir inn- eða útflutning.



Betri vörumeðferð | Gámar og vörubretti alla leið | Hitastýrðir flutningar



● Bluebird Cargo ● Aer Lingus Cargo ● UPS Air Cargo ● Emirates SkyCargo

Bluebird Cargo • Lynghóls 4 • 110 Reykjavík
Sími: 420 0200 • sales@bluebirdcargo.com
www.bluebirdcargo.com

Hafið beint samband:
Útflutningur í síma 420 0238
Innflutningur í síma 420 0232



Aðilar vinnumarkaðarins geta barið höfðinu við stein:

Einn lokadans við verðbólguna

Hringrás launahækkana og verðbólgu verður alltaf vandamál meðan launafólk fær greitt í gjaldmiðli sem sveiflast með vísitölu neysluverðs.

Staðan á vinnumarkaði er sú erfiðasta í rúmlega aldarfjórðung og áhrifa verkfalla gætir víða í samfélaginu. Mörg stéttarfélag halda til streitu 50-70 prósentu launahækkunum þótt allir viti að kaupmáttaraukningin sem fylgir slíkum hækkunum muni hverfa í verðbólgu. Á tímabilinu 1980-1990 hækkuðu laun um 1.450 prósent samkvæmt launavísitölu Hagstofunnar, en kaupmáttur launa dróst saman um 14 prósent á sama tíma. Launahækkunarir keyrðu upp verðlag og kaupmátturinn brann inni í verðbólgu þess tíma.



Markaðshornið

Þorbjörn Þórðarson
thorbjorn@stod2.is

Staðan á vinnumarkaði er sú erfiðasta í rúmlega aldarfjórðung.

„Ég skil ekki hvaða hagsmuni er verið að verja,“ sagði Þórarinn G. Pétursson, aðalhogfræðingur Seðlabankans, á fundi í Svörtuloftum hinn 13. maí við kynningu á vaxtaákvörðun peningastefnunnar. Þórarinn vísaði þar til krafna um 50 prósentu hækkun launa. Atvinnurekendur myndu bara hagræða í rekstri sínum til að standa straum af slíkum hækkunum. Það myndi leiða til uppsagna og það starfsfólk sem fyrst myndi missa vinnuna væri það sem ætti minnsta hlutdeild í hagnaði, oft og tíðum starfsmenn með minni menntun og lægri laun.

Framleiðni er lítil á Íslandi í samanburði við önnur OECD-ríki. Íslendingar framleiða einungis tæp-

lega 37 dali á hverja vinnustund og eru á pari við Ítali en Norðmenn framleiða mest allra eða 63 dali á vinnustund. Framleiðni á Íslandi hefur á undanförunum áratugum verið langt undir meðaltali helstu viðskiptalanda Íslands. Er eðlilegt að launahækkunarir séu á skjön við framleiðni í hagkerfinu, eða réttara sagt framleiðnileysi?

Samtök atvinnulífsins hafa boðið 23,5 prósentu launahækkunarir samtals yfir þriggja ára tímabil. Seðlabankinn telur að SA sé að teygja sig óþægilega langt með slíku boði jafnvel þótt það sé ekki nærri því nógu gott fyrir viðsemjendurna.

Hagfræðingur VR telur að áhrif launahækkana á verðbólgu séu stórlega ofmetin og birti lærða grein um það á vefsíðu VR. Aðilar vinnumarkaðarins geta auðvitað barið höfðinu við stein, sleppt því að draga lærdóm af sögunni, gert eina tilraun en og hækkad laun um meira en 23,5%. Samtök atvinnulífsins geta tekið meðvitaða ákvörðun um að keyra upp verðbólgu að því gefnu að ríkisstjórnin haldi áfram að skila auðu í málinu. Menn gætu litið á þetta sem samfélagstilraun og prófraun á kenningu VR um ofmat áhrifa launahækkana á verðbólgu.

Kjarni málsins er sá að þessi grein væri ekki skrifuð og þetta samtal væri ekki að eiga sér stað í samfélaginu ef launafólk fengi laun í gjaldmiðli sem sveiflast ekki með vísitölu neysluverðs. Þá væri kannski hægt að semja um raunverulegar hagsbætur til þeirra. Ákveðnar stjórnáráttir bentu á, meðan þeir höfðu enn lífsþróttinn, að baráttan fyrir stöðugum gjaldmiðli væri stærsta stéttabaráttan á Íslandi frá því vistarbandið var afnumið með lögum árið 1894. Það er nokkuð til í því. En þetta er stéttabaráttan sem enginn hefur áhuga á í augnablikinu.

Það verður kannski lærdómur samfélagstilraunarinnar sem ég nefndi hér frammar, aldarfjórðungi eftir þjóðarsátt, að platpeningarnir sem launafólk fær launin sín greidd í henta bara atvinnurekendum en ekki launafólki.

Andrzej Duda sest í stól forseta í Póllandi



SIGRI HRÓSANDI Andrzej Duda, forsetaframbjóðandi í Póllandi, fagnaði rækilega um helgina þegar útgönguspár í seinni umferð forsetakosninganna í Póllandi voru kunnngjörðar. Duda hafði betur gegn forsetanum Bronislaw Komorowski í kosningunum. Sigur hans var staðfestur á mánudaginn. NORDICPHOTOS/AFP

Til forystu fallin(n)?



Sköðun

Páll Harðarson
forstjóri Nasdaq á Íslandi

Ásýnd stjórnna stærri fyrirtækja hefur tekið miklum breytingum undanförunum ár. Í lok árs 2014 skipuðu konur um þriðjung stjórnarsæta í fyrirtækjum með 50 starfsmenn og fleiri. Sambærilegt hlutfall var um 15 prósent árið 2008. Þetta eru einmitt þau fyrirtæki sem ákvæði laga um kynjakvóta í stjórnun ná til. Ekki eru allir sammála um að lagasetningar hafi verið þörf, en stuðningur við þá leið hefur þó aukist verulega frá því fyrir nokkrum árum. Sumir töldu rétt að biða og að samfélagsbreytingar yrðu til þess að konum fjölgaði í stjórnun án utanáðkomandi afskipta. Öðrum fannst vegið að verðleikum kvenna með lagasetningu. Konur með víðeigandi menntun og reynslu væru að skila sér í auknum mæli út í samfélagið og sóst yrði eftir hæfasta fólkinu til stjórnarsetu. Konur þyrftu enga „hækju“ sér til stuðnings fremur en karlar. Þetta væri eingöngu spurning um hugarfarsbreytingu sem ætti sér stað með aukinni vitund og umræðu.

Hugarfarsbreyting mun vafalaust eiga sér stað en hún getur tekið langan tíma. Ekkert land hefur efni á því að biða með að virkja besta fólkið sitt til starfa. Þróun undanförunna ára, héraðs og erlendis, bendir til að lagasetningin hafi verið heillaspor. Hér á landi skipuðu konur einungis um tíunda hvert stjórnarsæti í skráðum fyrirtækjum á markaði árið 2008. Hlutfall kvenna

í stjórnun skráðra fyrirtækja er nú um 45 prósent, það hæsta á heimsvísu. Í öðrum löndum Evrópu hefur þetta hlutfall aftur á móti hækkad afar hægt, eða um 1 prósentustig á ári undanförunum áratug, og er nú um fimmtungur. Mestar breytingar hafa orðið í þeim löndum sem beitt hafa laga- eða reglusetningu, en einnig hefur orðið verulegur ávinningur af markvissu inngrípi viðskiptalífsins sjálfs, s.s. í forni ákvæða í stjórnarháttaleiðbeiningum. Þar sem hvorugu er til að dreifa hafa ekki orðið neinar breytingar. Hér á landi má segja að bæði úrræðin hafi verið nýtt en á árinu 2009 gerðu FKA, Samtök atvinnulífsins og Viðskiptaráð Íslands með sér samning um að fjölga konum í forystusveit íslensks atvinnulífs.

Þrátt fyrir að sémilega hafi gengið að jafna kynjahlutföll í stjórnun stærri fyrirtækja erum við þó varla komin nema hálfu leið, eða tæplega í átt að stefndu marki, í að virkja bæði kynin til forystu í sama mæli. Litlar breytingar hafa orðið á hlutfelli kvenna í stjórnun smærri fyrirtækja. Hún er nú um fjórðungur eða nánast óbreytt frá árinu 2008. Nærri átta af hverjum tíu forstjórum íslenskra fyrirtækja eru karlar. Meðal fyrirtækja á hlutabréfamarkaði er einungis ein kona forstjóri. Þegar litið er á kynjahlutfall í framkvæmdastjórnun sömu fyrirtækja er hlutfall kvenna um 15%, sem er í takt við það sem gerist meðal skráðra evrópskra fyrirtækja.

Þessi staða er umhugsunarefni enda getur varla nokkur maður haldið því fram að lágt hlutfall kvenna í stjórnunarbúðum endurspegli hæfni þeirra til að sinna þeim störfum. Þær breytingar sem hafa

átt sér stað á samsetningu stjórnna stærri fyrirtækja gætu haft áhrif til að jafna hlutfallið til framtíðar litið. Eðlilegt er að búast við því að ein birtingarmynd kynjajafnvægis í stjórnun verði aukinn fjöldi kvenna í framkvæmdastjórnun fyrirtækja. Rannsóknir komandi ára munu varpa ljósi á árangur aukinnar þátttöku kvenna í stjórnun út frá sjónarmiðum rekstrar og stjórnarháttanna. Ein mælistika á árangur verður skipan forystu fyrirtækja.

Undanförunum ár hefur komum í framkvæmdastjórnun íslenskra fyrirtækja á hlutabréfamarkaði fjölgað heldur hraðar hlutfallslega en meðal sambærilegra evrópskra fyrirtækja. Vísbendingar eru þannig um að stefnt sé í rétta átt, en betur má ef duga skal. Sækja þarf fram af auknum krafti.

Lög um kynjakvóta voru visst neyðarúrræði, ætluð sem tímabundin aðgerð til að stuðla að breytingum til framtíðar. Komandi kynslóðum mun sennilegast finnast skýrt ef konur sjást ekki í stjórnun fyrirtækja. Vonandi mun það gilda um önnur stjórnunarbúðir innan fyrirtækja – og að við sjáum miklar breytingar þar líka þegar fram í sækir. Hér verður vitund, umræða og þá ekki síst sameiginlegur áhugi karla og kvenna að stuðla að þeim breytingum sem þörf er á. Alþjóðleg ráðstefna Jafnréttisstofu nk. föstudag, 29. maí, um fjölbreytta forystu í atvinnulífinu er innlegg í umræðuna. Þar leiða saman hesta sína innlendir og erlendir fræðimenn sem og fólk úr íslensku atvinnulífi. Ástæða er til að hvetja forystufólk íslenskra fyrirtækja til að láta sig málið varða. Það ræður framhaldinu.

Skipulag skiptir máli fyrir heilsuna

Hin hliðin

Halldóra Hreggviðsdóttir
framkvæmdastjóri
Alta ehf.



Við eyðum flest mjög stórum hluta dagsins sitjandi, en rannsóknir sýna að bara kyrrsetan sem slík er óholl út af fyrir sig. Jafnvel þótt við fáum daglegan skammt af hreyfingu einu sinni á dag, þá er það ekki nóg. Það er þessi hversdagslega, jafna hreyfing yfir daginn, þessi venjulega ganga, sem skiptir svo miklu máli fyrir góða heilsu. Það er stóllinn sem er orðinn eitt það hættulegasta í okkar umhverfi!

Við getum því raunverulega eflt heilsu okkar á viðtækan hátt með því að búa

í göngu- og hjólavænu umhverfi með gott aðgengi að almenningsgöngum. Það hvernig skipulagi byggðar er fyrir komið, hvort umhverfið býður upp á gott og öruggt aðgengi fyrir hversdagslega hreyfingu, hefur þannig raunveruleg áhrif á lífsstíl okkar og heilsu.

Bæir og borgir úti um allan heim hafa verið að átta sig á mikilvægi þessa fyrir líf og líðan íbúa sinna og leggja æ meiri áherslu á að skipuleggja gott umhverfi fyrir göngur, hjól og notkun á stræti – sem eru jú um leið vistvænir ferðamátar. Sem dæmi þá

nýta íbúar í Prándheimi mun frekar þessa vistvænu ferðamáta en við Reykjavík, (43% á móti 23% í Reykjavík) þrátt fyrir að við séum á svip- aðri breiddargráðu, en Prándheimur hefur lyft grettistaki síðasta áratuginn í þessum málum. Fyrst þau geta – þá getum við!

En til að bæta heilsu okkar þá þarf tvennt til. Umhverfi sem býður upp á gott og öruggt aðgengi fyrir hversdagslega hreyfingu og við sjálf þurfum að vera opin fyrir þeim tækifærum, að nýta hvert tækifæri sem gefst til að hreyfa okkur og taka á þeirri mýtu að

veðrið hér sé vont. Er þetta ekki spurning um að klæða sig eftir veðri?

Gott dæmi um áhrif hreyfingar á heilsu eru samgöngusamningar sem ÁTVR gerði við starfsfólk sitt. Þeir hafa dregið úr fjarvistum um 2% og með því lækkað rekstrarkostnað um u.þ.b. 60 m.kr. á ári.

Bætt heilsa snýst líka um samfélagið og peninga, færri tapaðar vinnustundir og minni kostnað í heilbrigðiskerfinu, en af slíku er stór ávinningur. Þetta sýnir okkur enn og aftur mikilvægi skipulagsmála og áhrif þeirra á heilsu okkar og líðan – andlega og líkamlega.

GRAFÍSKIR OFURTURNAR

SÉRSNIÐNIR AÐ ÞÍNUM ÞÖRFUM



ÖFLUGAR FYRIR CAD OG ADOBE

Fátt borgar sig jafn fljótt í fyrirtækjarekstri eins og tölva sem ræður við þau verkefni sem henni eru falin. Þau fyrirtæki sem þekkja þetta best eru verkfræðistofur, kvikmyndafyrirtæki og hönnunarfyrirtæki sem fást við krefjandi grafíska vinnslu. Hver klukkutími hjá sérhæfðum starfsmanni sem fer í að bíða eftir vinnslu tölvunnar er mjög kostnaðarsamur.

XEON, QUADRO OG SSD PRO

Sérsniðnir grafískir vinnuturnar eru ekki einungis öflugri heldur einnig hagkvæmari. Allir íhlutir turnanna eru í hæsta gæðaflokki frá þekktustu íhlutaframleiðendum heims. Xeon eða i7 örgjörvar frá Intel, Quadro skjákort, Samsung Pro SSD diskar og Asus móðurborð með 3 ára ábyrgð.



FYRIRTÆKJAFJÓNUSTA

414-1710 / sala@tl.is

1.335 ÖKUTÆKI

Vörður tryggir fyrir ríkið

Ríkiskaup hafa endurnýjað samning við Vörð tryggingar um ábyrgðartryggingar ökutækja í eigu ríkisins. Ríkiskaup auglýstu útbod í tryggingarnar á EES-svæðinu í febrúar og átti Vörður hagstæðasta tilboðið. Samningurinn er til tveggja ára. Hann er með möguleika á framlengingu um eitt ár í tíváng og getur því orðið til fjögurra ára.

24.05.2015 Ríkið bara er ekki í aðstöðu til þess að byrja að semja fyrir en það sér hvað stefnir í á almenna markaðnum. Og almenni markaðurinn þarf líka að hafa vissu fyrir því að ríkið muni ekki yfirbjóða það sem samið er um á almenna markaðnum svoleiðis að menn treysti sér til þess að gera samninga.

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra.



9,3 MILLJARÐAR

Svisslendingar og Rússar eyddu mest

Erlendir ferðamenn greiddu með greiðslukortum sínum 9,3 milljarða króna í apríl sem er 39,4 prósentum hærri upphæð en í sama mánuði í fyrra samkvæmt greiningu Rannsóknarseturs verslunarinnar. Samkvæmt tölunum var 15,3 prósentum hærri greiðslukortavelta á hvern erlendan ferðamann sem kom til landsins heldur en í apríl fyrir ári. Svisslendingar og Rússar eyða mestu á hvern einstakling.

STJÓRNARMAÐURINN

Utanboxhugsun fyrir ferðamenn

Árið 2015 verður tímamótaár í Íslandssögunni. Fjöldi ferðamanna fer í fyrsta skipti yfir eina milljón.

EDLILEGT er að þessum áður óþekktu heimsóknafjölda fylgi nýjar áskoranir. Huga þarf að hvernig vernda á náttúruperlur fyrir átroðningi, rétt eins og tryggja verður að infrastruktuur landsins beri álagið.

ÞAÐ ER staðreynd að erlendir ferðamenn nýta sér ekki innanlandsflug. Er því ekki kominn tími til að dusta rykið af kostnaðargreiningum sem gerðar voru á léttlestarkerfi frá Keflavík til Reykjavíkur? Ljóst er að forsendur eru breyttar síðan þá, ferðamannafjöldinn hefur margfaldast.

SENNILEGA eru meiri þægindi og nýtileiki fólgin í góðum samgöngum milli Keflavíkur og höfuðborgarinnar en innanlandsflugvelli í miðborginni. Hvað sem líður harma-kveini landsbyggðarþingmanna og annarra sem telja alla nema Reykjavíkinga mega berjast fyrir hagsmunum nærumhverfisins.

ÞESSI NÝI raunveruleiki snýr ekki bara að framtíðardraumum um léttlestarkerfi, heldur nánast öllu sem tengist ferðamannaíðnaðinum. Stjórnarmaðurinn hnaut um umkvartanir formanna Neytendasmatakanna og Félags leiðsögmanna varðandi verðlag á ferðamannastöðum. Mátti lesa milli línanna að þeir teldu aðgerða þörf ef ekki ætti illa að fara og ferðamenn hreinlega fælast frá vegna verðlags.

STJÓRNARMAÐURINN deilir ekki þessum áhyggjum, enda er það óhjákvæmilegur fylgifiskur túrismna að verðlag fari hækkandi. Túristinn sjálfur verður svo að taka ákvörðun um hvort hann fellur í gildruna.

FORMAÐUR FÉLAGS leiðsögmanna gerði að umtalsefni verðmun á bolum merktum Bláa lóninu annars vegar, og Hellisheiðarvirkjun hins vegar. Sá fyrirnefndi kostaði tæpar fimm þúsund krónur, en sá seinni fimmtán hundruð. Ekki væri sjáanlegur gæðamunur á bolunum tveimur.

STJÓRNARMAÐURINN er ekki sammála formanninum. Bláa lóninu hefur tekist vel upp í markaðssetningu og búið til vörumerki sem þekkt er víða um heim. Þótt Hellisheiðarvirkjun sé ágæt verður seint sagt að hún teljist til vinsælli ferðamannastaða landsins. Þar liggur verðmunurinn.

STJÓRNARMAÐURINN er hins vegar sammála undirtóninum í orðum formanns félags leiðsögmanna, þ.e.a.s. Þar bera allir ábyrgð. Kaupmenn, leiðsögumenn og aðrir, en síðast en ekki síst stjórnvöld, sem þurfa að huga að infrastruktuur í landi sem þarf að þola áður óþekktan átroðning. Þar þarf að hugsa út fyrir boxið.



Drykkir sem vinna gegn vökvatapi



Resorb™ Sport

Íþróttadrykkur sem bætir upp vökvatap

Íþróttadrykkur með kolvetna- og saltablöndu sem bætir upp vökvatap við líkamlegt álag. Magnesíum söltin hjálpa til við að viðhalda eðlilegri vöðvastarfsemi og minnka líkur á magnleysi.

- Stundar þú úthaldsíþróttir?
- Ertu þróttlaus í ræktinni?
- Ertu að fara í skíðaferð eða fjallgöngu?
- Færðu vöðvakrampa við æfingar?
- Svitnar þú mikið við áreynslu?
- Viltu íþróttadrykk sem er laus við t.d. litarefni og örvandi efni?
- 10 bréf í pakka.
- Innihald úr einu bréfi leyst upp í 250ml af vatni.

Resorb™

Freyðitöflur sem koma jafnvægi á salt- og vökvabirgðir líkamans

Bragðgóður drykkur sem einkum er notaður vegna niðurgangs, uppkasta og annars vökvataps.

- Lausn við vökvatapi, eftir t.d. niðurgang og uppköst.
- Gott í flensu með háum hita og svitakófi.
- Reynist vel þegar dvalið er í heitum löndum.
- Reynist vel daginn eftir áfengisnotkun.
- 20 töflur í pakka.
- 2 töflur leystar upp í 250ml af vatni.
- Má nota frá 3ja ára aldri.
- Þrjár bragðtegundir:
Appelsína • Hindber • Sólber

Fæst í flestum apótekum.



Veit á vandaða lausn